DV MENNING


Skandinavískt bakkelsi í Bandaríkjunum

Þann níunda mars opnar íslenskt bakarí í Clairmont í Bandaríkjunum. DV náði tali af Henry Þór Reynissyni þar sem hann var á leið á flugvöllinn. „Þetta verður bakarí/kaffihús, Bread and Buns, og við leggjum áherslu á skandinavískt bakkelsi. Einnig verður það markmið okkar að kenna Bandaríkjamönnum að meta heilsubrauð.“ Þess má geta að Henry Þór á heiðurinn af Köku ársins 2007.



Borgar-landamæri

Samnorræn ljósmynda-sýning stendur yfir í Norræna húsinu. Sýningin heitir Borgarlandamæri og hefur það markmið að koma upp samskiptaneti ljósmyndara á Norðurlöndum. Sýning-in samanstendur af verkum eftir 28 listamenn frá Íslandi, Grænlandi, Færeyjum, Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Þem-að er borgarlandamæri í víðu samhengi og tekur til land-fræðilegra marka, huglægrar aðgreiningar og ólíkrar menn-ingar svo eitthvað sé nefnt.



Dröfn Frið-finnsdóttir - Hafnarborg

Í Hafnarborg stendur yfir sýning Drafnar Friðfinnsdóttur. Hún útskrifaðist frá Myndlista-skólanum á Akureyri árið 1987. Sýningin ber sterk höfund-areinkenni Drafnar og er þar áberandi samband náttúruefn-is og andlegs lífs. Dröfn hlaut ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín og var bæjarlistamaður Hafnarfjarðar árið 1998, en hún lést árið 2000, langt fyrir aldur fram.



Pierre Huyghe - Í beinni

Sýningin Í beinni – viðburð-ur verður sýning, stendur nú yfir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Listamaðurinn Pierre Huyghe, sem er frum-kvöðull innan sinnar kynslóðar, vinnur með fjölbreytta lista-miðla, kvikmyndir, myndbönd og ljósmyndir svo eitthvað sé nefnt. Sýningin ber skírskotun til heimssýningarinnar í París árið 1900. Sýningin er hluti af Frönsku vori og stendur til 22. mars.

Hrönn Vilhelmsdóttir textílhönnuður segir að Skólavörðuholtið sé fjölmennasti ferðamannastaðurinn í Reykjavík og vill í framtíðinni geta boðið ferðalöngum upp á kaffi og kjötsúpu. Nú lætur hún sér nægja að selja þeim ýmis listaverk sem öll eru hönnuð með kirkjuna og landkönnuðinn Leif í huga.

VETRARHÁTÍÐ



HALLGRÍMSKIRKJA ALLTAF Í SJÓNMÁLI

Hjónin Hrönn Vilhelms-dóttir textíllistamaður og Þórólfur Antonsson eiginmaður hennar eru þekkt fyrir ljósmyndir sínar af Hallgrímskirkju sem þau tóku í sextán ár úr eldhúss-glugganum sínum við Barónsstíg við ýmis birtu- og veðurskilyrði.

Fyrir einu og hálfu ári héldu þau sýningu á myndunum í turni Hallgrímskirkju og vakti hún mikla athygli.Nú hafa þau flutt sig um set yfir Skólavörðuholtið en enn þá er Hallgrímskirkja það fyrsta sem þau sjá þegar þau líta út um gluggann. Þau eru þegar farin að taka myndir af kirkjunni frá þessu nýja sjónarhorni. „Ég var með verslun og vinnustofu á Barónsstígnum og verslunin flutti með okkur á Njarðargötuna. Flest alls sem fæst hér í versluninni tengist Hallgrímskirkju og stytt-unni af Leifi heppna. Ég er al-veg viss um að torgið fyrir fram-an kirkjuna er einn fjölmennasti ferðamannstaður landsins: Hing-að koma ferðamenn frá öllum heimshornum vopnaðir mynda-vélum til þess að festa kirkjuna og umhverfi hennar á filmu. Ferða-langarnir hafa oft hafa kvartað yfir því að geta ekki keypt minjagripi í nágrenninu, t.d. í kirkjunni sjálfri, en skiljanlega hefur kirkjan ekki getað sinnt því og líklega er ekki mikill áhugi á því að koma upp verslun í kirkjunni.“

Hrönn hefur notað myndirnar úr eldhússglugganum sem skraut á diska, glasa- og músamottur sem hún lætur framleiða í Kína og selur í versluninni Textíll.

„Á þeim má glögglega sjá litbrigði veðurs og birtu sem ferðamenn sem stoppa í Reykjavík í stuttan tíma, kannski í roki og rigningu, eiga ekki kost á kynnast. Þeir koma gjarnan hér í verslunina og kaupa ýmsa hluti sem gefur minningar um sólríkari Reykjavíkurborg.“

Hrönn hefur fengið ýmsa lista-menn í lið með sér til þess að vinna muni sem eingöngu fást í verslun-inni.

„Hér er hægt að kaupa textílverk, olíumálverk, grafíkverk og fleira, auk bænakoddanna og rúmfatanna sem ég hanna sjálf og seldi áður í Text-ílkjallaranum á Barónsstígnum. Í framtíðinni er svo ætlunin að opna kaffihús á efri hæðinni, þar sem ferðamenn og innfæddir geta feng-ið kaffi, íslenska kjötsúpu og fleira í þeim dúr. Fólki finnst ótrúlegt að ekki sé hægt að fá sér kaffibolla í námunda við þetta vinsælasta torg landsins,“ segir Hrönn sem þang-að til býður gjarnan köldum ferða-mönnum sem heimsækja verslun-ina upp á kaffi úr heimiliskönnunni.

Götulistamaðurinn **JoJo** vopnaðist grænni vatnsbyssu:

Vopnið endaði hjá Góða hirðinum

Eins og fram kom í helgarblaði DV fékk götulistamaðurinn JoJo forláta gítar að gjöf frá Gítarvina-félaginu þegar hann útskrifaðist af heilsuhælinu í Hveragerði fyr-ir stuttu. Eflaust eru þeir margir lesendurnir sem ekki vissu um til-vist þessa ágæta félags sem sýndi JoJo þetta örlæti. Á heimasíðu fé-lagsins segir Júlíus Valsson læknir, sem titlaður er gítarframvörður og hljómritari félagsins, að það sé við-urkennd staðreynd að það sé erf-itt að vera gítarnörd. Gítarleikarar eyði alltof miklu í rándýra gítara sem þeir hafi ekkert pláss fyrir. Það sé líka erfitt að þurfa stöðugt að út-skýra fyrir konunni (eða mömmu) af hverju maður þurfi endilega að eignast einn gítarinn enn. Félags-menn, sem eru bæði þjóðþekktir og óþekktir aðilar, eiga það sam-eiginlegt að vera illa smitaðir af gítarbakteríunni og heillast af lit-ríkum mætti gítarsins. Þeir segjast hafa komið auga á ákveðna lausn á þessu vandamáli og öðrum þeim skyldum. Um allt það má lesa á heimasíðu félagsins gitarvinir.com og einnig geta gítarnördar mætt á blúskvöldin á Classic Rock í Ár-múla 5 á hverju mánudagskvöldi kl. 21.

Félagsmenn ákváðu að gefa JoJo forláta gítar, sem hann kallar sann-kallað gull-friðar-hljóðfæri, sem þakklætisvott fyrir að hafa fengið leyfi borgaryfirvalda til þess að fá að koma fram sem götulistamaður, en áður hafði slík starfsemi verið á bannlista. Júlíus hafði líka met-ið það mikils þegar JoJo gaf hvorki meira né minna en Bruce Springs-teen gítar til styrktar tilvonandi tón-listarhúsi í Reykjavík.



Gáfu góða gjöf
Kræfir kappar úr Gítarvinafélaginu.